



Björgvin, hvort ertu Rúnarsson eða Gíslason?

„Venjulegi Björgvin er Rúnarsson en í kvöld ætlar hann að vera Gíslason.“

Björgvin Rúnarsson er körfuboltaþómari. Sést hefur til hans á börum þar sem hann hefur verið með uppstand í anda Björgvins Franz Gíslasonar.

Alltaf á lausu, alltaf

NIÐURRÁÐANIR Töluverð gremja mun vera meðal sumra dómara með það hversu fáum leikjum þeim er úthlutað. Þannig hefur einn þeirra, Davíð Kristján Hreiðarsson, sem kallar sig Trukkinn, hringt í hjálfara og óskað eftir því að fá að dæma alla æfingaleiki sem í boði eru. „Já, ég er heldur óhress með ástand mála. Ég dæmdi aðeins 29 leiki í nóvember og hefði alveg getað bætt við mig. Maður hefur hvort sem er svo lítið að gera: barnlaus og laus og liðugur.“

Davíð segist hafa dæmt 20 leiki í desember og 33 leiki í janúar. Stefnir hann á að slá leikjamat Rúnars Gíslasonar sem sett var veturinn 1996-97. Rúnar dæmdi þá 189 leiki.



DAVÍÐ KRISTJÁN HREIÐARSSON Óhress og vill dæma miklu meira

„Svo eru menn að kvarta yfir álagi og of fáum dómurum. Ég er alltaf á lausu,“ segir þessi spræki Norðanmaður.

Formaður í klaustur

LEIKREGLUR Kristinn Óskarsson, formaður KKDÍ, hefur ákveðið að taka boði Bræðrareglu Benedikts í Sevilla um að ganga í klaustur í sumar. Klaustrið er frægt fyrir rannsóknir um leikreglur í körfubolta. „Þetta er spennandi tækifæri. Þarna koma saman dómara úr öllum áttum til að diskútera ýmis keis og oft mikil hitamál. Stundum rifast menn dögnum saman, eitthvað fyrir mig.“

KRISTINN ÓSKARSSON Man aldrei hvaða þrjú skilyrði þarf að uppfylla til að dæma aftur fyrir miðju.

Kristinn segir að meðal álitafna sem rætt er í klaustrunum er túlkun á sívalningi, hvenær leikmaður verður varamaður og hvað megi taka mörg skref.

Formaðurinn ætlar að taka upp tvö mál á námstíma sínum. „Mig langar að ræða við menn um hvort tvær tæknivillur kalli á leikbann og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að dæmt sé aftur fyrir miðju. Voru það tvö eða þrjú atriði? Ég man það bara aldrei,“ segir Kristinn hlæjandi.



EINAR ÞÓR SKARPHÉÐINSSON Byrjaður að æsa sig

Gekk af göflunum!
RH var í undir-meðvitundinni

SKAPOFSI Hinn þrautreyndi Borgnesingur, Einar Þór Skarphéðinsson, gekk berserksgang í leik KR og Tindastóls á dögnum þegar hann flautaði tvær tæknivillur og eina óþróttamannslega villu. „Ég veit ekki hvað kom fyrir mig. Þetta hefur aldrei gerst, ekki einu sinni í skólanum,“ sagði Einar beygður í leikslok þegar Ruðningur hafði samband. „Kannski að maður hafi haft Rögnvald í undir-meðvitundinni.“

Einar segist hafa verið ágætlega stemmdur fyrir leikinn en átti erfitt með svefn eftir leik.

GSM gerir usla:

Missti af árshátíð SVFR

GAMALL SKROKKUR Gamalmennið GSM, stjórnarmaður í Stangveiðifélagi Reykjavíkur, missti af



árshátíð félagsins á dögnum þar sem hann var að dæma „Old boys“ leik í Grindavík. Olli þetta miklum óróa innan vébanda SVFR,

enda er GSM annálaður stuðbolti á öllum hátíðum félagsins. Hafði hann mætt á hverja árshátíð óslitið frá árinu 1966.

„Dómaranefnd vissi mæta vel að ég yrði upptekin á þessum tíma en hefndi sín grimmilega eftir að ég skrúpaði í þrjú þrekpróf í haust.“

GSM segir að þetta hafi þó alls ekki verið alslæmt. „Ég fékk mér einn sopa í hálfleik og dæmdi bara nokkuð vel eftir það.“

Fyrrum landlæknir kallar á aðgerðir í dómaramálum

Átján dómara glíma við hnémeiðsl og hefur helmingur þeirra verið metnir öryrkjar. Þeir fáu, sem eru eftir, eru að kikna undan álaginu og biðja gríða. Helsti speglunarsérfræðingur landsins segist komast á eftirlaun strax á næsta ári.

HNÉMEIÐSLI Ófremdarastand ríkir nú í dómaramálum eftir að tryggingastofnun mat nú dómara ófæra til allra líkamlegra starfa næstu árin. Umræddir dómara eru Rögnvaldur Hreiðarsson, Erlingur Snær Erlingsson, Björgvin Rúnarsson, Konráð Jóhann Brynjarsson, Brynjar Steingrímsson, Einar Þór Skarphéðinsson, Jón Guðmundsson, Jóhann Gunnar Guðmundsson, Halldór Geir Jensson og síðast en ekki síst FIBA-dómarinn Sigmundur Már Herbertsson. Að minnsta kosti tveir þessara manna hafa verið

úrskurðaðir „andlega vanhæfir til dómgaelsustarfa“ (geðveikir) en TR vill ekki upplýsa hverjir svo eru.

Umræddir dómara og fleiri til viðbótar hafa slitið eða rifið liðþófa í hnám og hafa orðið að leita sér meðferðar. Hafa skrifstofur speglunarlækna verið uppfullar af körfuboltadómurum og segja menn í bransanum að ástandið sé eins og á góðri loðnuvertíð. Ekki er að fullu vitað hvers vegna hné körfuboltadómara eru verri en hné annarra þjóðfélagshópa. Helst telja menn að einhæf hreyf-

ing og lélegt mataræði séu aðal-sökudólgarnir. Einn dómari sem vildi ekki tjá sig undir nafni kennir dómaranefndum fyrri tíma um og einkum hinu illræmda „Suicide-testi.“

Fyrrum landlæknir, Hr. Ólafur Ólafsson, hefur haft Sigmundur Má til skoðunar. „Þetta er alveg óskiljanlegt með strákinn. Hann er með handónýtt hné, já alveg handónýtt,“ sagði hann frussandi. Að hans mati þurfa heilbrigðisyfirvöld að setja á fót sérstaka rannsóknarnefnd til að kanna líkamlegt ástand manna og ástæður þessara hnémeiðsla.

Lárus Ingi Magnússon, talsmaður KKDÍ, segir að hraustir og heilbrigðir dómara kvarti mjög undan miklu álagi. Menn séu oft að dæma 7-10 leiki í viku. „Ég er hræddur um að þetta springi allt í loft upp. Og ég verð sennilega fyrsti maðurinn til þess að sprengja.“

BJÖRGVIN RÚNARSSON Á myndinni sést að Björgvin gengur ekki heill til skógar



SIGMUNDUR MÁR HERBERTSSON FIBA-dómarinn símeiddi ásamt Kristni félagi sínum úr Njarðvíkum.



ERLINGUR SNÆR ERLINGSSON OG FRÚ NÝKOMIN AF TANTRA-NÁMSKEIÐI Eiginkonan hefur þungar áhyggjur af honum, enda hefur hann verið úrskurðaður ófær til líkamlegra starfa.



LEIFUR SIGFINNUR GARÐARSSON Höfundur „Suicide-test“ sem er rót vandans í heilbrigðismálum körfuboltadómara.

Það er lífsstíll að vera dómari

Dómaranefnd KKÍ auglýsir dómaranámskeið!

NÆSTU NÁMSKEIÐ

- 17. febrúar** Hótel Valaskjálfr
- 24. febrúar** Félagshéimilið í Grímsey
- 3. mars** Borg í Grímsnesi
- 10. mars** Samkomuhúsið á Tálknafirði
- 17. mars** Frystihúsið Breiðdalsvík
- 24. mars** Knæpan á Kárahnjúkum

Í boði er skemmtilegt og heilnæmt vinnuumhverfi og skemmtilegur félagskapur. Laun fyrir dómgaelsu hafa hækkað langt umfram verðlagsbreytingar síðasta árs. Skráið ykkur tímanlega enda komast færri að en vildu á síðasta námskeið.

Dómaranefnd KKÍ skuldar óheyrileg félagsgjöld til KKDÍ:

Bankamaður skuldar 100 kr.

SVARTIR SAUÐIR Glöggur lesandi Ruðnings hafði samband við ritstjóra og benti honum á að allir nefndarmenn í dómaranefnd KKÍ væru á skuldalista KKDÍ. Alls skulduðu nefndarmennirnir 14.100 krónur, eða sem nemur árlegri veltu félagsins. Fer þar fremstur í flokki formaðurinn, Bjarni Gaukur Þórmundsson, sem skuldar 9.000 krónur. „Þessi maður skilur eftir sig skuldalista út um allan bæ,“ hvísalaði lesandinn.

Athygli vekur að bankamaðurinn Gunnar Freyr Steinsson skuldar heilar 100 krónur á tímum þegar bankarnir skila ofsagróða og greiða ofurháa bónusa til sinna starfsmanna. Samkvæmt Frjálsri verslun námu mánaðarlaun Gunnars Freys 2,5 milljónum króna árið 2005.

Lárus Ingi Magnússon, innheimtustjóri KKDÍ, segist vera dolfallinn á þessum sauðshætti dómaranefndar. „Við höfum sent þessa skuld í innheimtu. Það stýttist í það að ég spring í loft upp.“



SIGMUNDUR MÁR HERBERTSSON, FIBA-DÓMARI Skuldar 5.000 krónur til KKDÍ